

Þessi grein er rúmlega 11 mánaða gömul.

Þetta fer allt í kassana

Það er sorglegt að horfa upp á duglega menn vinna hörðum höndum fyrir góðum launum og vita svo til þess að þau fari meira eða minna í spilakassa. Þetta segir byggingaverktaki á höfuðborgarsvæðinu sem vill koma á fót úrræði fyrir útlendinga með spilavanda.

Viðtal

Spilafíkn á Íslandi

7. mars 2020 13:30



Í **spilasal** Verktaki á höfuðborgarsvæðinu segir starfsmenn sína fara létt með að eyða mánaðarlaununum sínum í spilakassa á nokkrum dögum.

MYND: UNSPLASH



≡ **STUNDIN**

♥ STYRKJA



MÍN SÍÐA

DEILA

Like 66



Bygingaverktaki á höfuðborgarsvæðinu segir marga af erlendum starfsmönnum sínum, sem aðallega eru frá Lettlandi og Litháen, eiga í alvarlegum spilavanda sem hafi mikil áhrif á líf þeirra og frammistöðu í starfi. Hann hefur rætt við fulltrúa SÁÁ um að koma á fót meðferðarúrræði fyrir þennan hóp og vill leggja sitt af mörkum til að það megi verða að veruleika. Dæmi eru um að menn í þessum hópi, sem stunda fulla vinnu, eyði öllum launum sínum í spilakassa, þeir búi í gístiskýlum og fái ókeypis mat hjá hjálparsamtökum.

„Þeir fara létt með að eyða mánaðarlaununum sínum í spilakassa á nokkrum dögum,“ segir verktakinn, sem ekki vill láta nafns síns getið af tillitssemi við starfsmenn sína. „Við erum ekki að tala um lágur upphæðir, margir þessara manna fá bónusa fyrir dugnað og afköst og eru með útborguð mánaðarlaun frá 600 þúsund og upp í milljón. Þetta fer allt í kassana og þá eiga þeir ekkert eftir fram að næstu útborgun.“

Verktakinn segir að ein birtingarmynd þessa sé að viðkomandi starfsmenn biðji um að fá fyrirframgreidd laun til að geta haldið áfram að spila. „Þeir segja gjarnan að það sé vegna þess að amma þeirra sé alvarlega veik eða eitthvað álíka og að þeir þurfi að senda peninga til heimalands síns. Ég hef nú alltaf verið liðlegur með alla fyrirgreiðslu, en mér finnst að ég sem vinnuveitandi beri ábyrgð og ég vil leggja mitt af mörkum til að starfsmenn mínir sökkvi ekki dýpra. Ég hef þess vegna núna tekið upp þá reglu að greiða ekki fyrirfram laun eftir klukkan fjögur eða um helgar, en ég er eiginlega alveg ráðalaus gagnvart þessum vanda.“

Með smálánin í botni

Hann segir sorglegt að horfa upp á þetta. „Að sjá duglega menn vinna hörðum höndum fyrir góðum launum og vita svo til þess að þetta fari allt meira eða minna í spilakassana. Flestir ætla að spila eitthvað smá og hafa gaman af því, en margir missa stjórnina þegar þeir fá vinning. Hversu hár vinningurinn er virðist vera aukaatriði, en það er eins og eitthvað fari í gang við það að vinna. Þótt þeir fái stóra vinninga, fer það allt aftur til baka. Einn af mínum starfsmönnum vann til dæmis 800.000 krónur í spilakassa, en þær voru farnar aftur í kassann á innan við viku. Flestir sem vinna eitthvað spila það strax í burtu og þegar upp er staðið tapa allir. Nema sá sem rekur kassana. Þessu peningatapi fylgir mikil vanlíðan sem sumir reyna að deyfja með áfengi og ég hef því miður þurft að láta harðduglega menn fara frá mér vegna drykkjuvanda, sem hefur mátt rekja beint til spilafíknar.“

„Einn af mínum starfsmönnum vann til dæmis 800.000 krónur í spilakassa, en þær voru farnar aftur í kassann á innan við viku“

Verktakinn segist vita til þess að margir af þeim starfsmönnum hans, sem eigi við spilafíkn eða -vanda að etja, taki smálán til að brúa bilið. „Margir eru með þau í botni og eru komnir í einhvers konar vítahring smálána. Allt út af spilafíkninni.“ Hann nefnir dæmi um starfsmann sinn sem lenti í vinnuslysi og fékk greiddar á aðra milljón króna í bætur. „Það leið ekki langur tími þangað til allt var farið og beinustu leið í spilakassana. Það er eitt ömurlegasta dæmið sem ég hef upplifað.“

Eiga erfitt með að leita sér aðstoðar

Hafa einhverjir þessarar manna leitað sér aðstoðar vegna spilafíknarinnar? „Nokkrir hafa farið í áfengismeðferð á Vogu þar sem þeir hefðu getað látið taka á spilafíkninni um leið, en spilafíkn fylgir svo mikil skómm og þeir eiga erfitt með að viðurkenna þetta fyrir sjálfum sér, hvað þá öðrum, og margir þeirra líta því ekki á þetta sem vandamál.“

„Ég veit að enginn ætlar sér að verða spilafíkill. Ég veit hversu eyðileggjandi áhrif fíkn getur haft á líf fólks“

Hann hefur rætt við umsjónarmann spilafíknimeðferðar hjá SÁÁ um að koma á fót einhverju úrræði eða samtalshóp fyrir þennan hóp og bindur vonir við að það verði að veruleika. „Ég veit að enginn ætlar sér að verða spilafíkill. Ég veit hversu eyðileggjandi áhrif fíkn getur haft á líf fólks og mér finnst ég bera ábyrgð sem vinnuveitandi. En ég er ráðalaus og er tilbúinn til að leggja fé í að koma þessu af stað. Mig langar svo til að hjálpa þessum strákum og ef tekst að hjálpa þó ekki væri nema einum, þá væri tilganginum náð.“

Þeir hafa misst allt

SJÁ EINNIG

Ásgrímur Jörundsson er ráðgjafi hjá SÁÁ og sér þar um meðferð við spilafíkn. Hann segist vo

SJÁ EINNIG



Spilin taka allt

nast til hess að af hessu úrræði verði. en til hess burfi meðferðarráðgeiafa sem tali sama



Virilega sorglegt að horfa upp á fólk í þessum aðstæðum

...en þessu að þessu ástandi, en þessu þessu ástandi... tungumál og þeir sem meðferðina sækja. „Það er virkileg þörf fyrir þetta. Ef af þessu verður, þá yrði ábyrgðin fyrst og fremst hjá GA (Gamblers Anonymous, sem eru alþjóðleg samtök um bata á spilafíkn) og við myndum svo styðja við þetta.“

„Þeir eru í fullri vinnu, en búa í gistiskýli og borða hjá samtökum eins og Samhjálp“

Ásgrímur segist vita mörg dæmi um erlenda verkamenn, sem séu hér í fullu starfi og með ágæt laun, en búi við slæman kost vegna spilafíknar. „Þeir eru í fullri vinnu, en búa í gistiskýli og borða hjá samtökum eins og Samhjálp. Þeir hafa misst allt og leita yfirleitt ekki eftir aðstoð,

það er oft svo mikil skömm sem fylgir þessu. En við rekumst stundum á þá þegar þeir leita sér aðstoðar vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu.“

DEILA

Like 66

Share

Tweet

[stundin.is/FCla](#)

EFNISORÐ

Fjárhættuspil

Ísland

SÁÁ

Spilafíkn á Íslandi

AUGLÝSING

Athugasemdir